

Ársskýrsla fyrir árið 2025

Samherji fiskeldi – Vatnsleysa – Framleiðsluskýrsla fyrir árið 2025

Upplýsingar um framleiðslumagn og dauðfisk ásamt fóðurgjöf, orku-, olíu- og efnanotkun koma fram í grænu bókhaldi.

Tafla 1 er unnin upp úr Fish talk gagnagrunni Samherja Fiskeldis sem sýnir allar helstu tölur tengdar framleiðslunni á Vatnsleysu árið 2025.

Tafla 1 Helstu upplýsingar um framleiðslu 2025

| Vatnsleysa | |
|--|--------------|
| Input count in period | 1.272.859 |
| Input avg weight in period | 146,36 |
| Input biomass in period | 186.290 |
| Mortality count in period | 95.551 |
| Mortality average weight in period | 878,95 |
| Mortality biomass in period | 83.984,68 |
| Mortality percent in period | 3,92 |
| Culling count in period | 449 |
| Culling biomass in period | 377 |
| Feed amount in period | 2.247.348,90 |
| Gross growth in period | 1.743.204 |
| Biological FCR, feed eaten in period | 1,29 |
| Biological FCR in period | 1,29 |
| Harvested count (incl discards) in period | 932.772 |
| Gross harvested average weight in period | 1.585,51 |
| Gross harvested biomass, incl. discards [kg] in period | 1.478.916 |
| Closing Count | 1.390.794 |
| Closing Avg weight | 776,79 |

Árið 2025 náðist góður eldisárangur í eldisstöðinni á Vatnsleysu. Afföll hafa aldrei verið minni og vöxturinn aldrei verið meiri á einu ári en brúttó vöxtur 2025 var 1743 tonn. Það eru nokkur atriði sem hafa stuðlað að þessari þróun og verða þau útskýrð hér.

Eldsumbrot hófust við Grindavík í nóvember 2023 í mikilli nálægð við eldisstöðina á Stað. Eldgosahrinan hófst 18. desember 2023 og fram til ágúst 2025 hafa alls níu sprungugos orðið á svæðinu. Eldisstöð Matorku sem er í aðeins 2 km fjarlægð frá Stað varð fyrir tjóni þegar mikil sprungumyndun var á svæðinu vegna jarðhræringa. Ker fóru í sundur og töluvert af eldisfiski drapst. Lokunarpóstar voru settir upp og aðgengi starfsfólks að svæðinu var mjög takmarkað. Reglulega var rafmagn tekið af svæðinu og stöðin var þá keyrð á varaafli á meðan því stóð. Rekstraröryggi stöðvarinnar var því sannarlega ógnað og gripið var til úrræða til að minnka áhættu. Í því skyni var töluvert af seiðahópum sem áttu að fara í áframeldi á Stað beint yfir á Vatnsleysu í staðin. Þetta var gert til að létta á stöðinni, minnka áhættu og tryggja fiskavelferð ef allt færi á versta veg á Stað. Aðstæður í þessum málum

hafa nú róast töluvert en þessu óróatímabili er ekki lokið og enn ríkir töluverð óvissa í þessum málum.

Árleg afföll af innsetningum hafa verið á bilinu 8-10% síðustu ár og þar hefur kýlaveikibróðir verið aðal skaðvaldurinn. Við áætlanagerð hefur verið tekið tillit til þess að aðeins um 90% seiðanna komi til með að enda sem sláturfiskur. Á árunum 2024 og 2025 voru gerðar breytingar í framleiðslustjórnuninni sem miðuðu að því að bæta ástandið og minnka afföllin í stöðinni. Ákveðið var hafa seiðin aðeins stærri þegar þau eru flutt í stöðina þar sem það er samhengi milli stærðar bleikuseiða og seltupols, einnig hefur verið markvisst unnið að því að hafa betri stjórn á umhverfisþáttum og halda stöðugri lægri seltu á smæsta fiskinum. Það hefur sýnt sig að seltusveiflur geta valdið stressi sem veldur því kýlaveikibróðir nær sér á strik. Þessar aðgerðir hafa skilað sér langt um fram væntingar, þar sem afföllin voru aðeins 3,9% á árinu 2025.

Þessir þættir sem taldir eru upp hér að framan hafa stuðlað að því að á árinu 2025 fót framleiðslan (brúttó vöxtur) á Vatnsleysu 143 tonn yfir leyfileg mörk í starfsleyfi. Strax þegar sást í hvað stefndi haustið 2025 voru áætlanir endurskoðaðar og aðlagðar m.t.t. bættis árangurs og seiðum fækkað í innsetningum. Þó er viðbúið að áhrifanna af bætingunni muni einnig gæta á þessu ári og framleiðslan muni fara eitthvað yfir framleiðslumörk starfsleyfis 2026. Rekstrarleyfið tiltekur hins vegar eingöngu 1600 tonna hámarkslífmassa en stöðin er langt undir þeim mörkum þar sem hámarks lífmassi stöðvarinnar fór mest í um 1150 tonn.

Við áætlanagerð þarf að taka tillit til eðlilegra affalla en einnig þarf alltaf að gera ráð fyrir því að eitthvað geti komið upp (slys, sjúkdómar ofl.) sem gæti sett áætlanir í uppnám. Það getur því verið erfitt að áætla afföll 2 ár fram í tímann. Þá getur hæglega komið upp sú staða eins og nú er uppi að það gangi allt í einu „of vel“.

Frárennsli og sýnatökur

Síðan að stöðin var vottuð fyrir ASC staðalinn í Júní 2021 hafa mælingar á frárennslisvatni verið framkvæmdar mánaðarlega. Þá er heildar köfnunarefni, heildar fosfór, svifagnir og BOD-5 mælt.

| | |
|------------------|-----------|
| Meðaltal mælinga | 2025: |
| Svifagnir | 16,3 mg/l |
| Heildar P | 0,1 mg/l |
| Heildar N | 1,1 mg/l |
| BOD-5 | 0,9 mg/l |

Tafla 2 sýnir yfirlit yfir niðurstöður mælinga á árinu 2025. Rannsóknirnar eru gerðar af Sýni ehf. Allar rannsóknarskýrslur fylgja grænu bókhaldi.

Tafla 2 Rannsóknarniðurstöður 2025

| Dags | Hvað var greint | Staðsetning sýnatöku | Aðferð | Sampling by third party | Analysis by third party | Niðurstöður | Mælieining |
|-------------------|-----------------|----------------------|-------------------------------------|-------------------------|-------------------------|-------------|------------|
| 8.1.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 13 | mg/L |
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | <1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | 0,2 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | 0,6 | mg/L |
| 11.2.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 9 | mg/L |
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | <1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | 0,1 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | 0,9 | mg/L |
| 12.3.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 11 | mg/L |
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | <1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | 0,2 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | 1,5 | mg/L |
| 14.4.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 14 | mg/L |
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | <1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | 0,1 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | 1,1 | mg/L |
| 8.5.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 10 | mg/L |
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | <1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | 0,1 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | 0,5 | mg/L |
| 5.6.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 17 | mg/L |
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | <1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | 0,2 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | 0,9 | mg/L |
| 17.7.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 14 | mg/L |
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | <1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | 0,1 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | 2,1 | mg/L |
| 15.8.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 14 | mg/L |
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | <1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | 0,1 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | 1 | mg/L |
| 8.9.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 9 | mg/L |
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | <1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | 0,2 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | 0,7 | mg/L |
| 16.10.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 16 | mg/L |

| | | | | | | | |
|------------------|------|------------|-------------------------------------|----|-----|------|------|
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | <1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | <0,1 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | <0,5 | mg/L |
| 5.11.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 41 | mg/L |
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | <1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | 0,1 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | 2,8 | mg/L |
| 3.12.2025 | TSS | Frárennsli | Standard methods 2540D | No | yes | 28 | mg/L |
| | BOD5 | Frárennsli | Hach-BOD direct plus, respirometric | No | yes | 1 | mg/L |
| | P | Frárennsli | HACH UV-method - St.meth 4500-P A | No | yes | 0,1 | mg/L |
| | N | Frárennsli | HACH UV-method | No | yes | <0,5 | mg/L |

Losun fosfórs og köfnunarefnis var einnig reiknuð út frá fóðurgjöf í exelskjali sem fengið var hjá Umhverfis og Orkustofnun, þar sem inni eru formúlur til þess að reikna út losun út frá efnainnihaldi fóðursins. Taflan fylgir þessari skýrslu sem fylgiskjal.

Þrátt fyrir að framleiðslan hafi verið yfir 1600 tonn er starfsemin langt undir losunarmörkum. Skv. starfsleyfi eru losunarmörk á fosfór 20kg á framleitt tonn, þannig að heildar leyfileg losun á fosfór innan leyfis eru 32 tonn. Reiknuð losun út frá fóðurnotkun er hins vegar um 8,5kg per framleitt tonn á árinu 2025.

Ef losun er reiknuð út frá meðaltali mánaðarlegra mælinga í frárennsli og mæling á innrennsli notuð til frádráttar er losunin á fosfór mjög lítil og ekki raunhæft að þessar mælingar sýni rétta mynd af losun framleiðslunnar.

| | |
|-----------------------------|-----------------------|
| 2025 | |
| Útreiknuð losun | Heildar fosfór |
| Meðaltal Mælinga P [mg/l] | 0,13 |
| Mæling með frádrætti [mg/l] | 0,03 |
| Meðal rennsli (l/sek) | 3050 |
| Heildarrennsli 2024 (l/ári) | 96.184.800.000 |
| Losun kg (P) | 2885,54 |
| Framleiðsla (tonn) | 1743,2 |
| Losun [kg/framleitt tonn] | 1,66 |

Fræðsla:

Fræðsla

Fræðsla starfsmanna fór að mestu leyti fram í gegnum fræðslukerfið Learn Cove, Tafla 5 sýnir námskeiðin sem haldin hafa verið. Þessi tafla er sameiginleg fyrir Stað og Vatnsleysu þar sem fræðslan í stöðvunum er að mestum hluta sameiginleg og töluverð samnýting á starfsfólki. Ath ekki er öllum starfsmönnum skylt að ljúka öllum námskeiðum. Mest áhersla hefur verið lögð á öryggismál og gæðahandbók.

Tafla 5 Fræðslufirlit Staður og Vatnsleysa 2025

Námskeið

Gæðahandbók 2025

| |
|----------------------------------|
| Öryggis- og vinnureglur 2025 |
| Kynning á Samherja fiskeldi |
| Dýravelferð |
| Fallvarnanámskeið |
| Þrif á airlock |
| Notkun á Tímon |
| Whole foods market standards |
| TGP mæling |
| Vinna við ker fullt af vatni |
| Einstaklingsvinna |
| Skipta um ljósaperu í ljósastaur |

Myndir af útrás



Mynd 1 Útrás 8. janúar 2025



Mynd 3 Útrás 13. maí 2025



Mynd 2 Útrás 29. apríl 2025



Mynd 4 Útrás 5.júní 2025



Mynd 5 Útrás 15. ágúst 2025




Mynd 6 Útrás 8. september 2025



Mynd 9 Útrás 9. desember 2025



Mynd 7 Útrás 17. október 2025



Mynd 8 Útrás 14. nóvember 2025